



MOSFELLSBÆR  
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

## Tillaga til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

**Efni:** Tillaga að útsvarsprósentu 2023

**Dags:** 10. nóvember 2022

**Málsnúmer:** 202211145/-

**Málsmeðferð:** Til ákvörðunar

**Starfsmaður:** Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

---

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykki að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2023 verði 14,52% á tekjur einstaklinga.

### Greinargerð:

Samkvæmt 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 skal útsvar vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs. Hundraðshluti útsvars má eigi vera hærra en 14,52% og eigi lægra en 12,44% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra einstaklinga í hverju sveitarfélagi.

Samkvæmt 24. gr. laganna skal sveitarstjórn ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur einstaklinga á næsta ári.

Í samræmi tillögu sem kynnt var í drögum að fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2023-2026 er lagt til að Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykki að álagningarhlutfall útsvars verði 14,52% á tekjur einstaklinga á árinu 2023.

Ákvörðun bæjarstjórnar um álagningarhlutfall útsvars skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2022.

Virðingarfyllst,

Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri